


Borgarabjónusta fyrir íslenska ríkisborgara erlendis



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Árið um kring gætir borgarabjónusta utanríkisráðuneytisins hagsmuna og öryggis íslenskra ríkisborgara erlendis og veitir þeim ýmis konar aðstoð. Aðstoðin er veitt af starfsmönnum borgarabjónustu í utanríkisráðuneytinu, sendiskrifstofum Íslands erlendis og ólaunuðum ræðismönnum Íslands á erlendri grund. Auk þessa hefur utanríkisbjónustan samstarf við utanríkisbjónustur annarra Norðurlanda á vettvangi borgarabjónustu.

HVERJIR GETA LEITAÐ AÐSTOÐAR?

- Allir íslenskir ríkisborgarar

HVENÆR GETUR ÞÚ FENGIÐ AÐSTOÐ?

- Ef þú verður fyrir slysi eða alvarlegum veikindum og þarfnast læknaaðstoðar.
- Ef andlát ber að höndum.
- Ef þú glatar vegabréfinu þínu.
- Ef þú ert handtekinn eða fangelsaður.
- Ef þú ert á svæði þar sem hættuástand ríkir.
- Ef þú ert í alvarlegum vandræðum og þarfnast opinberrar aðstoðar og leiðsagnar.



HVAÐ GERUM VIÐ TIL AÐ AÐSTOÐA ÞIG Í NEYÐ?

- Veitum leiðbeiningar og ráð.
- Tökum á móti umsóknum um vegabréf og öskuskírteini og framlengjum vegabréf.
- Gefum út neyðarvegabréf.
- Veitum ráð og aðstoð varðandi millifærslu peninga frá Íslandi. Aðstoðum við að útvega læknaaðstoð.
- Aðstoðum við að komast í samband við ættingja eða vini.
- Aðstoðum við að komast í samband við tryggingafélög.
- Aðstoðum við val og ráðningu lögfræðinga, tülka eða annarra sérfræðinga.
- Veitum grunnupplýsingar um réttarkerfi einstakra ríkja.
- Heimsækjum fanga eftir atvikum og þegar aðstæður krefjast.
- Skipuleggjum neyðarflutning frá hættusvæðum í samræmi við neyðaráætlun utanríkisráðuneytisins.
- Höfum milligöngu um að útvega aðstoð annarra íslenskra stjórnvalda s.s. félagsbjónustu.
- Aðstoðum við heimflutning jarðneskra leifa íslenskra ríkisborgara.

HVAÐ GETUM VIÐ EKKI GERT?

- Eitthvað sem brýtur í bága við lög.
- Farið inn á verkswið annarra stjórnvalda eða haft áhrif á lögmætar ákvarðanir þeirra.
- Séð um farmiða- og hótélbókanir, útvegum vegabréfsáritana og dvalar- og atvinnuleyfa né útvegum húsnæðis eða atvinnu.
- Greiðum ekki kostnað vegna einstakra neyðartilvika s.s. vegna bjónustu lögfræðinga, tülka eða sjúkrahúsa.
- Sinnum ekki hlutverki lögmanna.
- Við getum ekki haft afskipti af ákvarðanatöku og afgreiðslu einstakra mála hjá erlendum stjórnvöldum né fengið sakargiftir eða refsingu fellda niður.

ÁÐUR EN LAGT ER AF STAÐ ER VERT AÐ HUGA AÐ EFTIRFARANDI

- Kanna hvort utanríkisráðuneytið eða sambærileg erlend stjórnvöld hafi gefið út ferðaviðvaranir þar sem ráðið er frá ferðalögum til þess svæðis sem áætlað er að heimsækja.
- Gefa nánustu ættingjum og vinum upplýsingar um ferðatilhögun og hvernig hægt er að ná sambandi við þig.
- Þegar ástæða þykir til er mælt með að skrá upplýsingar um ferðalag á vef utanríkisráðuneytisins.
- Kynna sér hvar næsta íslenska sendiráð og/eða ræðisskrifstofa erlendis er staðsett og hvernig hægt sé að hafa samband við hana. Sjá heimasíðu.
- Hafa ávallt gilt vegabréf meðferðis. Einnig getur verið gagnlegt að hafa ljósrit af vegabréfi meðferðis.



- Kynna sér tímanlega hvort vegabréfsáritunar eða annarra leyfa sé krafist í því landi sem heimsækja á. Útvegum áritunar getur tekið nokkrar vikur.
- Ætli þú að aka erlendis er rétt að kanna hvort ökuskrteini þitt sé viðurkennt í viðkomandi landi.
- Hafa nægilega fjármuni (reiðufé, ferðatékka og/eða kredit- eða debetkort) svo unnt sé að greiða ferðakostnað auk annars óvænts kostnaðar. Ef nota á kredit- eða debetkort er rétt að huga að gildistíma og hámarksúttekt.
- Gott ráð er að skilja afrit af farmiða hjá einhverjum nákomnum. Hafi miði verið bókaður rafrænt er ágætt að hafa upplýsingar um bókunarnúmer á sama stað.
- Aldrei ætti ferðast án viðunandi ferðatrygginga.
- Æskilegt er að hafa evrópska sjúkratryggingakortið meðferðis. Það staðfestir rétt til heilbrigðisþjónustu sem verður nauðsynleg meðan á tímabundinni dvöl stendur í EES-landi.
- Huga skal að því hvort bólusetning sé nauðsynleg.
- Þegar annar tveggja forsjáraðila ferðast með barn/börn er nauðsynlegt að hafa meðferðis skriflegt leyfi þess forsjáraðila sem ekki er með í för.
- Ávallt skal fylgja þeim lögum og reglum sem gilda í því landi sem þú heimsækir. Það ber að athuga að lög og ýmsar siðvenjur geta verið ólíkar því sem þú kannt að venjast. Gott er að kynna sér þessi atriði áður en lagt er af stað.

„Utanríkisþjónusta Íslands sé útvörður þjóðarinnar í hnattvæddum heimi og vakandi gagnvart öllu því sem getur rennt styrkari stoðum undir íslenskt samfélag. Íslendingar og íslensk fyrirtæki treysti því að utanríkisþjónustan gæti réttmætra hagsmuna þeirra á erlendra grund og komi þeim til aðstoðar við erfiðar aðstæður.“

*Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,
utanríkisráðherra*

28. desember 2007

Borgarþjónusta utanríkisráðuneytisins veitir allar nánari upplýsingar um þá aðstoð sem veitt er. Í neyðartilvikum, sem ekki þola bið, má hafa samband við neyðarvakt ráðuneytisins allan sólarhringinn, árið um kring í síma 545-9900.

Utanríkisráðuneytið
Rauðarárstíg 25
150 Reykjavík

Sími 545 9900
bréfasími 562 2373

postur@utn.stjr.is
www.utanrikisraduneyti.is

